

Sp. 261. Tillaga til þingsályktunar

um safn, er sýni sveitameningu liðna tímans.

Flm.: Héðinn Valdimarsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta athuga, hvar í aðalhéruðum landsins, þar sem samgöngur eru góðar, megi kaupa og endurbæta eða byggja sveitaheimili í fornum stíl, er haldið sé uppi sem safni, er sýni íslenska sveitameningu liðna tímans, og leggja tillögur og kostnaðaráætlun þar að lútandi fyrir næsta þing.

Greinargerð.

Tuttugasta öldin breytir óðfluga síðum þjóðarinnar og menningu og sveitaheimilin og sveitameningin tekur þeim stakkaskiptum, að innan skamms má gera ráð fyrir, að menjar þeirrar menningar, sem þjóðin hefir haldið uppi um alda- raðir, sjáist hvergi nema í bókum eða á þjóðmenjasafninu í Reykjavík. Það er til- gangur þessarar þáttill., að reistur verði minnisvarði þessarar menningar á viðeig- andi hátt, með því að á einum stað að minnsta kosti i sveitum landsins verði haldið við af opinberu fé sveitaheimili, er jafnframt sé safn, er sýni húsagerð, innan- stokksmuni, siði og menningu liðna tímans, svo að allir innlendir og erlendir menn, sem þess óska, geti séð þessar menjar í réttri umgerð. Slík sveitasöfn eru til á Norðurlöndum og víðar.